

Reglugerð fyrir körfuknattleiksdeild Vestra

1. grein

Hlutverk deildar

Í körfuknattleiksdeild Vestra er unnið að eflingu og útbreiðslu körfuknattleiks. Undir deildina heyrir öll starfsemi varðandi körfuknattleik hjá Vestra.

2. grein

Skipulag deildar

Aðalstjórn Vestra ber ábyrgð á rekstri deildarinnar, bæði fjárhag og starfsemi, en deildin er rekin með aðskilinn fjárhag og kennitölu. Undir körfuknattleiksdeild Vestra skal reka meistaraflokka aðskilda frá yngri flokkum. Deildin skal rekin með einni kennitölu.

Stjórn körfuknattleiksdeildar fer með málefni meistaraflokka og unglingsflokka en barna- og unglingsaráð fer með málefni yngri flokka að 18 ára alđri. Stjórn körfuknattleiksdeildar skipar einn úr sínum röđum í barna- og unglingsaráð auk fjögurra annarra og two til vara. Barna- og unglingsaráð getur boðið fleirum setu í ráðinu og skiptir sjálft með sér verkum. Stjórn er heimilt að skipa í önnur ráð eða flokksstjórnir sé þess þörf.

Stjórn körfuknattleiksdeildar Vestra er kosin á aðalfundi deildarinnar, formaður til eins árs í senn og tveir stjórnarmenn til tveggja ára í senn, þó þannig að aðeins skal kosið um two árlega. Á aðalfundi skulu einnig kosnir þrír varamenn til eins árs.

3. grein

Aðalfundir, fundartími, atkvæðisréttur og boðun

Aðalfundur körfuknattleiksdeildar Vestra skal haldinn fyrir 1. mars ár hvert. Allir skuldlausir félagsmenn deildarinnar hafa atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundi. Kosningar skulu vera skriflegar ef þess er óskað. Séu atkvæði jöfn við stjórarkjör skal kosning endurtekin. Verði atkvæði þá enn jöfn skal hlutkesti ráða. Til aðalfundar skal boðað með viku fyrirvara með auglýsingu opinberlega og tilkynningu til aðalstjórnar. Aðalfundur deildar er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

4. grein

Dagskrá aðalfundar

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Formenn deildar og barna- og unglingaráðs gera grein fyrir starfsemi deildarinnar.
4. Gjaldkeri deildar leggur fram til samþykktar og gerir grein fyrir reikningum deildarinnar sem staðfestir hafa verið af kjörnum skoðunarmanni og gjaldkera aðalstjórnar.
Fjárhagsáætlun deildarinnar lögð fram til samþykktar.
5. Reglugerðabreytingar
6. Kosningar:
 - a) Kosning formanns.
 - b) Kosning tveggja aðalmannna til tveggja ára og þriggja til vara til eins árs, samtals fimm manna stjórni með þremur varamönnum.
7. Önnur mál.
8. Fundargerð uppliesin og fundarslit.

5. grein

Atkvæðagreiðslur á aðalfundi deilda

Á aðalfundi deilda ræður meirihluti úrslitum mála. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Breytingar á reglugerð deildarinnar skulu þó samþykkjast með 2/3 greiddra atkvæða.

6. grein

Vanræksla á að halda aðalfund deilda

Vanræki deildin að halda aðalfund á lögboðnum tíma skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og aðstoða við framkvæmd hans.

7. grein

Stjórni deilda

Stjórni deildarinnar skal skipuð fimm mönnum. Stjórni skiptir með sér verkum, fyrir utan formann sem skal kosinn sérstaklega á aðalfundi. Ávallt skulu vera ritari og gjaldkeri í stjórni deildarinnar.

8. grein

Fjárhagslegar skuldbindingar

Stjórni deildarinnar skal gera starfs- og fjárhagsáætlun sem lögð er fyrir aðalstjórn til samþykktar fyrir 15. nóvember ár hvert. Auk þess ber stjórni deildarinnar að leggja fyrir aðalstjórn til samþykktar ákvarðanir um allar meiriháttar fjárhagslegar skuldbindingar. Með meiriháttar skuldbindingum er átt við þær sem eru umfram samþykktan ófyrirséðan kostnað deildarinnar í rekstraráætlun. Þeir félagsmenn (fulltrúar deilda) sem stofna til fjárhagslegra skuldbindinga félagsins án samráðs og formlegrar samþykktar aðalstjórnar bera persónulega ábyrgð á greiðslu þeirra gagnvart féluginu, sbr. 15. grein í lögum félagsins.

9. grein

Bráðabirgðarákvæði sem gildir á fyrsta fundi körfuknattleiksdeildar Vestra

Á fyrsta aðalfundi körfuknattleiksdeildar Vestra gildir eftirfarandi bráðabirgðarákvæði við 4. grein reglugerðarinnar um dagskrá aðalfundar deildar: Einnig skal kjósa tvo aðalmenn í stjórn til eins árs.

Með samþykkt þessarar reglugerðar falla lög Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar úr gildi og lög Vestra taka við.

Samþykkt á síðasta aðalfundi Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar
sem jafnframt var fyrsti aðalfundur körfuknattleiksdeildar Vestra,
þann 12. maí 2016.

Örlygur Guðrúnar
Ólma Ólarsdóttir
Óliver Þorsteinsson
Ingi Þórir Guðrúnsson